



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

Reykjavík, 27. mars 2026

SFS26030059

## MINNISBLAÐ

### Gervigreind í grunnskólum borgarinnar og notkun á Viskubrunni

Á fundi skóla- og frístundaráðs 9. mars sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa kennara í grunnskólum:

*Fulltrúi grunnskólakennara leggur til að skóla- og frístundaráð fái kynningu á gervigreindarlausninni Viskubrunnur og kanni möguleika á því að Reykjavíkurborg kaupi áskrift fyrir alla grunnskóla borgarinnar að lausninni. Lausnin er til þess fallin að gera kennurum kleift að ná fram töluverðum tímasparnaði við lausn ýmissa verkefna sem þeir þurfa að inna af hendi en forsvarsmenn Viskubrunns eru kennarar sem hafa útbúið fjölmargar útfærslur á viðfangsefnum sem gagnast kennurum og eiga beint við grunnskólastarf. Þeir hafa einnig verið í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu við útfærslu á Nemendagrunni.*

#### Góð lausn en töluverður kostnaður

Viskubrunnur (<https://viskubrunnur.net>) er vel útfærð gervigreindarlausn sem inniheldur safn verkfæra sérsniðinna að fjölbreyttum verkefnum íslenskra kennara. Nýir möguleikar bætast reglulega við og í fylgiskjöllum má sjá skjámyndir úr lausninni ásamt rökstuðningi Kunnáttu ehf. fyrir gildi hennar (fskj. bls. 1-4).

Mixtúra hefur kynnt Viskubrunn í fræðslustarfi fyrir leik- og grunnskóla og bent starfsfólki á möguleika til endurgreiðslu áskriftar úr sjóðum fagfélaga. Upplýsingar um einstaklingsáskriftir liggja ekki fyrir en sjö grunnskólar eru með skólaáskrift; reynsla stjórnenda er almennt jákvæð þótt notkun hafi verið minni en vænst var og áskrift jafnvel endurskoðuð (fskj. bls. 6). Í svörum stjórnenda koma fram sömu skilaboð og Mixtúra hefur ítrekað heyrt, að þörf sé á auknum stuðningi og markvissri starfsþróun í tengslum við gervigreind.

Í upplýsingum um áskriftir (fskj. bls. 5) sést að árskostnaður skólaáskrifta fyrir alla grunnskóla borgarinnar er um **27,4 m.kr.**, eða **20,6 m.kr.** með sveitarfélagaáskrift, en meðalkostnaður skólaáskriftar er um 60 þús. kr. á mánuði (22–100 þús. eftir stærð skóla).



## Aðgengi og innleiðing gervigreindar

Allt starfsfólk Reykjavíkurborgar hefur aðgang að gervigreindarlausn **Microsoft Copilot** og starfsfólk með @gskolar.is aðgang er með aðgang að **Gemini** gervigreindinni frá Google. Þessar lausnir hafa báðar verið áhættumetnar og raðað í áhættuflokk 2 (skv. [tilmælum borgarinnar](#)) og bjóða því upp á vinnu með fjölbreyttari gögn en lausnir sem ekki hafa undirgengist áhættumat. Í þessum lausnum er hægt að sérsníða verkfæri og spjallmenni en slík vinna krefst nokkurrar þekkingar sem verður þó sífellt aðgengilegri. Á þessum tímapunkti duga lausnirnar almennt ekki fyrir sambærilegri útfærslu og í flóknustu verkfærum Viskubrunns.

Áhersla Mixtúru í vetur hefur beinst að innleiðingu Google Gemini gervigreindarinnar (sjá <https://bit.ly/gervigreindirgrunnskolar>) sem inniheldur fjölda gagnlegra verkfæra fyrir kennara. Gemini býður upp margvíslega möguleika til að sérsníða lausnir fyrir verkefni sem kennarar og skólastjórnendur takast á við í störfum sínum. Þessum lausnum getur fólk deilt sín á milli með einföldum hætti og möguleiki er á fjölbreyttri samhæfingu og miðlun innan Google Workspace umhverfisins sem nemendur borgarinnar nota í sínu stafræna skólasterfi.

Vert er að benda á að áhættugreining og mat á áhrifum persónuverndar fyrir aðgang nemenda að gervigreindarlausnum í Google Workspace umhverfinu er í gangi í samstarfi við Kópavog, Hafnarfjörð og Garðabæ. Ábyrg og skynsamleg notkun nemenda á þessum lausnum byggir á þekkingu, skilningi og færni kennara í vinnu með þær. Þetta hefur verið höfuðáhersla Mixtúru í innleiðingu, fræðslu og vinnu með gervigreindarlausnir frá Google.

## Uppsöfnuð þörf fyrir hugbúnað eftir áskoranir persónuverndarmála

Á tímabili Stafrænu gróskunnar (2021–2023) fór fram 1:1 innleiðing á námstækjum fyrir nemendur í 5.–10. bekk, en áætlanir um miðlæg hugbúnaðarkaup náðu ekki fram að ganga vegna áskorana tengdum persónuverndarmálum. Áskoranirnar og takmarkað svigrúm til nýrra hugbúnaðarkaupa, bæði miðlægt og í rekstri einstakra starfsstaða (sbr. svör skólastjórnenda í spurningavagni 2024) hefur síðan hamlað hugbúnaðarkaupum. Nú horfir aftur á móti til betri vegar og afgreiðsla lausna hjá nýstofnuðu kennslulausnaráði er hafin. Þetta er mikilvægt, ekki síst til að bregðast við uppsafnaðri þörf fyrir fjölbreyttar náms- og kennslulausnir, og er í samhenginu bent á tillögur í skýrslu starfshóps um kennslulausnir frá desember 2025 sem skilað hefur verið til skrifstofu borgarstjóra.

Í ofangreindri tillögu er vikið að samstarfi Kunnáttu ehf. við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og er full ástæða til að hvetja til þess að stofnunin skoði samstarf um Viskubrunn, Málstað og fleiri góðar lausnir því slíkt gæti samræmst yfirlýstu hlutverki stofnunarinnar um stuðning við skóla og innleiðingu gervigreindar.

Þó að hægt sé að mæla með Viskubrunni er heildarkostnaður við sveitarfélagsáskrift það hár að skoða þarf hvort þeim fjármunum væri betur varið í aðrar lausnir, aukinn stuðning og starfsþróun sem ítrekað hefur verið óskað eftir.

Hjá fjölmennu sviði með fjölbreytta starfsemi mun gervigreind hafa mikil og víðtæk áhrif. Skoða mætti hvort setja ætti fjármagn í pott sem nýta má í bæði lausnir fyrir ákveðna hópa starfsfólks en ekki síður að borgin styðji við fjármögnun tilraunaaðganga fyrir starfsfólk sem óskar eftir aðgangi að völdum hugbúnaðarlausnum. Gagnsemi og árangur af notkun þeirra væru metin sérstaklega ásamt því að ganga úr skugga um þörf á lausnunum áður en fjármagni er varið í kaup hugbúnaðarleyfa og útfærslu fræðslu fyrir stærri hópa. Reynsla af slíkum matsverkefnum hefur verið góð hjá skóla- og frístundasviði.



### **Umfjöllun í ráðinu og mikilvægi skýrs samhengis**

Það er mikilvægt að hafa í huga að ekki hefur verið venja að kynna einstakar lausnir fyrirtækja sérstaklega fyrir skóla- og frístundaráði. Því þarf að skýra vel umgjörð, tilgang og samhengi ef óskað er eftir slíkri kynningu. Umfjöllun í ráðinu mætti frekar tengja við:

- Kynningu á stefnumótun og almennri gervigreindarvegferð sviðsins.
- Greiningu á þörf fyrir aukna ráðgjöf, starfsþróun og stuðning við notkun nemenda og starfsfólks.
- Tengsl við valdar tillögur starfshóps um kennslulausnir.
- Sérstakan pott til að fjármagna hugbúnaðarlausnir, m.a. tengdar gervigreind.

## Nokkur dæmi/skjámyndir úr Viskubrunni

Fjöldmörg fleiri verkfæri en skjámyndirnar sýna eru aðgengileg út frá valmynd Viskubrunns.

### 1. Undir **Verkfæri** eru 7 flokkar með 66 sérsniðnum lausnum

The screenshot shows the Viskubrunnir application interface. The left sidebar contains navigation options like Forsíða, Nýjungar, Verkfærin, Aðstoðarmenn, Myndasköpun, Gagnagreindir, Yfirlestur, Skjöl, and AI Ritvinnsla. The main content area is titled 'Verkfæri' and displays a grid of 12 tool cards. Each card has an icon, a title, and a brief description of the tool's function. The tools include: Að semja tölvupóst (Email), Að svara tölvupósti (Reply), Aðstoð við rökstuðning (Research), Athugun á þroskaviðmiðum (Assessment), Atvikaskráning (Incident Reporting), Atvinnuviðtalið (Interview), Félagsfærni (Social Skills), Félagsþæfnisögur (Social Stories), Finna verkfæri á netinu (Find Tools Online), Formúlusmiður (Formulator), Fóstudagspóstur (Birthday Postcard), and Frétt á heimasíðu (Home Page News).

### 2. Undir **Aðstoðarmenn** eru 22 sérsniðnar lausnir

The screenshot shows the Viskubrunnir application interface. The left sidebar contains navigation options like Forsíða, Nýjungar, Verkfærin, Aðstoðarmenn, Myndasköpun, Gagnagreindir, Yfirlestur, Skjöl, and AI Ritvinnsla. The main content area is titled 'Aðstoðarmenn' and displays a grid of 12 assistant cards. Each card has an icon, a title, and a brief description of the assistant's function. The assistants include: Aðstoð við útitikennslu (Assessment), Agi og bekkjarstjórnun (Classroom Management), AI rannsóknarlögreglan (AI Research Assistant), Almenn spjall Claude (Claude Chat), Almenn spjall Gemini (Gemini Chat), Almenn spjall GPT (GPT Chat), Breytingastjóri (Change Manager), and Einstaklingsmiðað nám (Personalized Learning).

### 3. Í námsmatshlutanum eru ýmsar lausnir

T.d. **Ritunargreining** (m.a. byggð á ritunarrammanum frá MMS).

The screenshot shows the Viskubrunnur interface with a sidebar on the left containing navigation options like Forsíða, Njungar, Verkfærin, and Ritunargreining. The main content area features four cards:

- Ritunargreining**: A blue card with a document icon. Text: "Þetta verkfæri býður upp á ítarlega greiningu á íslenskum ritunarverkefnum nemenda samkvæmt viðmiðum Ritunarramman frá Miðstöð menntunar og skólabjónustu. Það metur texta nemenda út frá fjórum meginþáttum: uppbyggingu texta, einkennum textategunda, málnotkun og skráningu. Verkfærið veitir kennurum skýra mynd af stöðu nemandans innan hvers matsviðmiðs og sýnir hvort nemandinn hafi náð viðmiði, sé á góðri leið eða þarfnist frekari þjálfunar. Auk þess fylgja sérsníðnar ábendingar um styrkleika og tækifæri til úrbóta, allt sett fram á uppbyggilegan og hvetjandi hátt sem styður við aukna ritunarfærni nemenda."
- Enskugreining**: A red card with a document icon. Text: "Þetta greiningartól er hannað til að meta ritun nemenda á ensku. Það greinir texta nemandans út frá ákveðnum ritunarramma og veitir heildstætt mat ásamt nákvæmri endurgjöf fyrir hvern matsþátt. Verkfærið hjálpar kennurum að meta hvort nemandinn hafi náð viðmiðum, sé á góðri leið eða þarfnist frekari þjálfunar í hverjum þætti. Niðurstöðurnar innihalda einnig uppbyggilegar ábendingar um styrkleika ritgerðarinnar og tillögur að úrbótum, allt sett fram á hvetjandi og jákvæðan hátt."
- Dönskugreining**: A green card with a document icon. Text: "Þetta verkfæri býður upp á ítarlega greiningu á dönskum ritunarverkefnum nemenda. Það metur textann samkvæmt skilgreindum ritunarstöðlum og veitir yfirlit um framfarir á dönskukunnáttu nemandans. Verkfærið flokkar frammistöðu í hverjum þætti og sýnir hvort nemandinn standist viðmiði, sé í framför eða þurfi frekari æfingu. Auk þess fást sérsníðnar ábendingar um styrkleika og tækifæri til úrbóta, allt sett fram á hvetjandi og jákvæðan hátt."
- Þin eigin greining**: A purple card with a clock icon. Text: "Þetta sérsníðna greiningartól gerir kennurum kleift að meta ritunarverkefni nemenda út frá þeirra eigin matsviðmiðum. Með því að hlaða upp persónulegum matsramma geta kennarar aðlagð greininguna að þörfum síns nemendahóps, ólíkum verkefnagerðum eða sérstökum áherslum í kennslu. Verkfærið vinnur úr upplýsingunum og veitir heildstætt mat á textanum."

### 4. Prófsmiður o.fl.

The screenshot shows the Viskubrunnur interface with the 'Prófsmiður - Bloom' tool configuration screen. The tool is designed to help create tests based on Bloom's Taxonomy. The configuration options are:

- 1. VELDU INNTAKSADFERÐ**: Efnisheiti, Líma texta, PDF skjal. Example: "T.d. Landfræði Íslands, Stærðfræði brot..."
- 2. VELDU BLOOM PREP**: Muna (Remember), Skilja (Understand), Beita (Apply), Greina (Analyze), Meta (Evaluate), Skapa (Create). Each option has a checkbox to select it.
- 3. TEGUND SPURNINGA**: Láta AI velja, Krossaspurningar, Rétt/Rangt, Stutt svör, Ritgerð, Eyðufyllingar.
- 4. FJÖLDI SPURNINGA**: A numeric input field set to 10.
- 5. TUNGUMÁL**: A dropdown menu set to 'Íslenska'.

At the bottom right, there is a section titled 'UM BLOOM'S TAXONOMY' which explains that Bloom's Taxonomy is a framework for classifying learning objectives and is used to create tests (1-3) and assignments (4-6) based on cognitive levels.

## 5. Undir Kennsla & skipulag er að finna ýmis verkfæri.

### T.d. Verkefnasmíðjan

Viskubrunnur

Áskriftir og verðskrá

Mode

Kóði virkur

M

## Verkefnasmíðjan

Gervigreind sem býr til sérsníðin verkefni byggð á Aðalnámsskrá grunnskóla.

15+ Námsgreinar Allir aldurshópar AI Knúði

Búa til nýtt verkefni

### Eiginleikar

- AÐALNÁMSKRÁ**  
Öll verkefni eru byggð á opinberri Aðalnámsskrá grunnskóla með nákvæmum tilvísunum.
- ALDURSHÓPAR**  
Verkefni sérsníðin fyrir hvern aldurshóp: 1.-4., 5.-7. og 8.-10. bekk.
- WORD SKJÖL**  
Sæktu verkefni þín sem Word skjöl til frekari vinnslu og breytinga.
- AI KNÚIÐ**  
Gervigreind skrifar nákvæmar leiðbeiningar og matsviðið fyrir þig.

### Hvernig virkar verkefnasmíðjan?

- VELDU**  
Veldu námsgrein og aldurshóp úr Aðalnámsskrá.
- LÝSTU**  
Skrifaðu lýsingu og AI tengir við hæfniviðið.
- FÁÐU**  
Fáðu tilbúið verkefni sem þú getur sótt og breytt.

Ábendingar

## 6. Og Aðlögunarsmiðjan

Verkfærin

Aðstoðarmenn

Myndasköpun

Gagnagreindir

Yfirllestur

Skjöl

AI Ritvinnsla

## Aðlögunarsmiðjan

Búðu til heildstætt námsefni fyrir nemendur með námsöruggleika eða sérparfir. Nýttu gervigreind til að aðlaga efni að þörfum nemenda.

- Aðlagað námsefni**  
Búðu til einfaldað námsefni með verkefnum og orðskýringum.  
✓ Þrjú erfiðleikastig  
✓ PDF, Word & Google Docs
- Hugakort**  
Búðu til gagnvirk hugakort til að sýna tengsl og samhengi.  
✓ Myndræn framsetning  
✓ 2 eða 3 skref
- Orðskýringar**  
Búðu til orðalista með skýringum og þýðingum.  
✓ Sjálfvirk greining  
✓ Útskýringar & þýðingar

- VELDU TEGUND**  
Sláðu inn efni, límdu texta eða notaðu PDF skjöl
- STILLINGAR**  
Aldur, tungumál og erfiðleikastig
- AI-VINNSLA**  
Les og greinir námsefnið
- NIÐURHAL**  
Náðu í aðlagað námsefni

## Af hverju Viskubrunnur?

1. **Sniðinn að íslensku menntakerfi** — Sniðmát eru hönnuð til að gera kennurum kleift að búa til sérsniðið námsefni hratt og auðveldlega. Copilot og Gemini þekkja ekki Aðalnámskrá grunnskóla, grunnþætti menntunar eða hæfniviðmið. Viskubrunnur gerir það og er með gagnagrunna sem hann sækir upplýsingar um íslenska menntakerfið í.
2. **Gert af kennurum, fyrir kennara** — Bergmann Guðmundsson og Hans Rúnar Snorrason eru hugmyndasmiðir og eigendur Kunnáttu ehf., og hlutu Hvatningarverðlaun Íslensku menntaverðlaunanna 2024. Báðir eru reynslumiklir kennarar. Copilot og Gemini eru almenn verkfæri sem enginn kennari kom að hönnun á.
3. **Engin „prompt engineering“ þörf** — Með Copilot/Gemini þarf kennarinn að skrifa góð fyrirmæli sjálfur og vona hið besta. Viskubrunnur notar sérhönnuð sniðmát þar sem kennarinn fyllir bara inn samhengið og fær niðurstöður. Þetta lækkar þröskuldinn gríðarlega og gerir öllum kleift að nota verkfærið án þess að tæknikunnátta skipti máli.
4. **Íslenskt viðmót og íslenskar lausnir** — Sniðmát eins og „Föstudagspóstur“, „Atvikaskráning“ í Mentor, „Rubrics fyrir Google Classroom“, félagshæfnisögur, SVÓT forkannanir, og kennsluáætlanir í öllum kjarnagreinum. Frábær verkfæri sem spara tíma og auka gæði eins og aðlögun og dýptun, ritunargreining og aðstoð við gerð einstaklingsnámskráa.
5. **Tengist beint daglegu starfi** — Sniðmát fyrir leiðsagnarmat, marklista og hæfniviðmið, nemendaumsagnir, atvikaskráningar og hrós í Mentor. Þetta er verkfærakistan sem kennarar opna á hverjum degi.
6. **Persónuvernd** — Gögn sem send eru í gegnum API þjónustu eru ekki notuð til að þjálfa gervigreindarlíkön, skv samningi við Anthropic, OpenAI og Google. Með Copilot og Gemini fríútgáfum er þetta ekki jafn skýrt. Viskubrunnur er hýstur á Íslandi sem eykur öryggi lausnarinnar.
7. **Nýjustu útgáfur** -- Við erum alltaf með nýjustu útgáfur af Gemini, ChatGPT og Claude á bak við lausnirnar okkar og stillum þær þannig að besta gervigreindin hverju sinni er tengd við viðkomandi verkfæri. Þessi fjölbreytni tryggir það að kennarar hafa alltaf aðgang að því besta sem er í boði hverju sinni.
8. **Heildarlausn Kunnáttu** -- Með áskrift fá skólar líka aðgang að öðrum verkfærum sem við höfum smíðað fyrir stjórnendur og hægt er að kynna sér hér: [skoli.kunnatta.is](https://skoli.kunnatta.is)
9. **Gott aðgengi til breytinga** -- Við erum með puttana á púlslinum og sérsníðum fyrir kennara í hverri viku nýjar lausnir og verkfæri sem þeir biðja um og við getum framkvæmt tæknilega - þetta fá skólar ekki annars staðar í gegnum aðrar gervigreindarþjónustur.

# Svör við verðfyrirspurn frá Kunnáttu til SFS

- Skólar þegar í áskrift merktir með grænu

Grunnskóli	Skólastjórn.	Deildarstj.	Kennarar	Annað fagfólk	Viskubr. leyfi	Kostn.
Austurbæjarskóli	2	1	38	3	41	65.559kr
Álftamýrarskóli	2	3	38	6	35	55.965kr
Árbæjarskóli	3	2	47	12	59	94.341kr
Ártúnsskóli	2	1	13	3	16	25.584kr
Borgaskóli	2	0	22	3	25	39.975kr
Breiðagerðisskóli	2	3	28	7	35	55.965kr
Breiðholtsskóli	3	3	38	14	52	83.148kr
Brúarskóli	2	2	15	8	23	36.777kr
Dalskóli	2	2	36	9	45	71.955kr
Engjaskóli	2	1	25	3	28	44.772kr
Fellaskóli	3	4	36	18	54	86.346kr
Foldaskóli	2	3	38	7	45	71.955kr
Fossvogsskóli	2	2	22	9	30	47.970kr
Grandaskóli	3	0	26	4	30	47.970kr
Hagaskóli	2	3	36	4	40	63.960kr
Hamraskóli	1	0	25	3	28	44.772kr
Háteigsskóli	2	2	36	13	49	78.351kr
Hlíðaskóli	3	4	50	4	54	86.346kr
Hólabrekkuskóli	2	5	30	5	35	55.965kr
Húsaskóli	1	3	15	4	19	30.381kr
Hvassaleitisskóli	1	3	21	5	34	54.366kr
Ingunnarskóli	2	2	33	2	35	55.965kr
Klettaskóli	2	3	36	69	30	47.970kr
Klébergsskóli	1	1	13	1	14	22.386kr
Langholtsskóli	2	4	56	5	61	97.539kr
Laugalækjarskóli	2	2	28	3	40	63.960kr
Laugarnesskóli	2	2	46	10	52	83.148kr
Melaskóli	3	2	29	4	33	52.767kr
Norðlingaskóli	3	1	44	4	48	76.752kr
Réttarholtsskóli	4	1	33	3	33	52.767kr
Rimaskóli	2	2	44	7	51	81.549kr
Selásskóli	2	1	16	3	19	30.381kr
Seljaskóli	2	3	52	11	63	100.737kr
Sæmundarskóli	4	1	36	5	41	65.559kr
Vesturbæjarskóli	3	2	23	5	28	44.772kr
Víkurskóli	2	3	17	1	18	28.782kr
Vogaskóli	3	2	37	11	48	76.752kr
Ölduselsskóli	2	1	33	4	37	59.163kr
					<b>1.428</b>	

	Verð pr. kennara á mánuði	1.428 notendur
<b>Skólaverð Viskubrunns</b>	<b>1.599</b>	<b>2.283.372kr</b>
<b>Sveitarfélagsverð Viskubrunns</b>	<b>1.200</b>	<b>1.713.600kr</b>
<b>Skólaverð - 12 mánuðir</b>		<b>27.400.464kr</b>
<b>Sveitarfélagsverð - 12 mánuðir</b>		<b>20.563.200kr</b>
Munur á ári:		<b>6.837.264kr</b>

## Um áskrift leikskóla

Við erum með leikskóla hjá okkur í áskrift og þá er það allur gangur á því hversu margir eru að fá áskrift - yfirleitt stjórnendur og deildarstjórnar og aðrir áhugasamir. Við reynum að stilla verðinu í hóf fyrir leikskólana og bjóðum eftirfarandi verð fyrir þá:

- Áskrift að Viskubrunni fyrir leikskólastarfsmann er 1000 krónur á mánuði en við förum í 800 sem sveitarfélagsjaldið

## Sjö skólar í borginni eru í áskrift að Viskubrunni

Stjórnendur í skólunum sjö sem þegar eru með áskrift að Viskubrunni fengu eftirfarandi fyrirspurn

Við í Mixtúru erum að setja saman minnisblað um gervigreindarlausnir og leitum til ykkar þar sem skólarnir ykkar eru með áskrift að **Viskubrunni**.

- Hvernig reynist lausnin og mynduð þið mæla með henni?
- Hversu mikið er hún notuð af fagfólkinu?
- Hafið þið í hyggju að endurnýja áskrift á næsta skólaári (kostnaður er um 50-80 þúsund á mánuði)?

Eins ef það er eitthvað annað tengt gervigreindarlausnum eða áskrift að lausnum sem þið viljið koma á framfæri – þá er tækifærið núna.

Eftirfarandi svör bárust:

- **Skóli A:** Ég á eftir að gera úttekt á notkun og gagnsemi en notkun er minni en ég átti von á. Það helgast e.t.v. af skorti á fræðslu.
- **Skóli B:** Hér hefur ekki verið gerð formleg úttekt og vonandi byggist minnisblaðið ekki eingöngu á þessum gögnum því þetta er mjög óvarlega áætlað hjá mér. Ég skynja notkun en tek undir með [skólastjóra skóla A] að hún er líklega minni en ég hefði haldið en í mjög mörgum starfsþróunarsamtölum hefur komið fram ósk um aukna starfsþróun þegar kemur að gervigreind og þess vegna sóttum við t.d um í apríl/maí prógrammið hjá Mixtúru.

Við munum örugglega taka nákvæmari stöðu þegar líður að vori varðandi notkun og hvort við höldum áskriftinni áfram. Gæti trúað að hún myndi aukast með aukinni fræðslu

- **Skóli C:** Sammála skólastjóra A og B. Við gerðum könnun á þessu um daginn og þar kom fram að þeir sem nýta Viskubrunn eru mjög ánægðir en við myndum vilja að það fjölgaði í hópi notenda.
- **Skóli D:** Það er mér sönn ánægja að svara fyrirspurn ykkar varðandi Viskubrunn, enda höfum við mikið um málið að segja hér í [skóla D].

Satt best að segja teljum við að Viskubrunnur sé það besta sem hefur komið fyrir íslenskt skólastarf síðan krítartöflur voru teknar úr notkun! Við erum afar spennt yfir þeim möguleikum sem lausnin býður upp á og hve vel hún fellur að okkar daglega starfi.

Hvað varðar reynslu okkar og notkun, þá ríkir mjög mikil ánægja með lausnina hjá þeim hópi kennara og stjórnenda sem eru byrjaðir að nýta hana. Þótt alltaf séu einhverjir sem hafa lítinn áhuga á gervigreindarlausnum yfirhöfuð, þá er almennt viðhorf gagnvart Viskubrunni hér í skólanum einstaklega jákvætt.

Sérstaklega er gaman að segja frá því að lausnin virðist ná til breiðari hóps en margt annað sem við höfum prófað. Sem dæmi má nefna að einn af okkar listgreinakennurum hafði orð á því að hún hefði átt erfitt með að tengja við verkefnið „Gervigreindir grunnskólar“ þar sem henni fannst það mjög miðað við þarfir umsjónarkennara. Hún er hins vegar yfir sig hrifin af Viskubrunni, notar hann mjög mikið og segir hann hreinlega frábæran fyrir sínar þarfir.

Við mælum því hiklaust með Viskubrunni fyrir aðra skóla. Varðandi framhaldið, þá höfum við fullan hug á því að endurnýja áskriftina fyrir næsta skólaár. Þrátt fyrir að kostnaðurinn sé talsverður, þá teljum við að ávinningurinn fyrir fagfólkið okkar og starfsandann sé margfaldur á við þá fjárfestingu.

Ef þið þurfið frekari upplýsingar fyrir minnisblaðið ykkar, þá er ykkur velkomið að heyra í mér.